

Ávarp formanns SSNV Haustþing 12.10.2023

Góðan dag,

Ráðherra, þingmenn/maður, formaður og framkvæmdastjóri samb.ísl sveitarfélaga sem og þingfulltrúar ég býð ykkur velkomin á 7. haustþing SSNV hér í Húnaþingi vestra. (miðað við veðurspá þá að þá gætu orðið afföll , en við vonum svo sannarlega ekki.)

Sögulega hefur Norðurland vestra byggst mikið á landbúnaði og úrvinnslu landbúnaðarafurða. Sjávarútvegur er einnig nokkuð sterkur auk iðnaðar og fjölda opinberra starfa sem þó hefur fækkað lítið eitt samkv. nýjustu tölum, sem segir okkur að við verðum að vera stanslaust á vaktinni og verja það sem við höfum .

Við erum eitt helsta landbúnaðarhérað landsins, það eru okkar grunnstoðir, enda er okkar landssvæði einstaklega vel til þess fallið. Öflug úrvinnsla í frumatvinnugreinum getur því auðveldlega verið sá styrkleiki sem við getum nýtt okkur einna helst þegar kemur að nýsköpun og þróun.

Nú þegar hefur átt sér stað ákveðin atvinnuþróun og nýsköpun sem er stunduð hér á Norðurlandi vestra, sem styður við vöxt lykilatvinnugreina. Það væri hægt í því samhengi að nefna mörg fyrirtæki bæði eldri og ný. (kannski vilt þú nefna nokkur nöfn, en getur verið varasamt). Við þurfum samt sem áður að skoða betur saman hvernig við getum aukið betur fullvinnslu afurða í okkar héraði þannig að við eflum atvinnulífið enn frekar og aukum það virði sem verður eftir hjá okkur.

Ferðaþjónustan er ein af stærstu atvinnugreinum á Íslandi og mikilvægur drifkraftur hagvaxtar. Það skiptir okkur miklu máli að skapa ferðaþjónustunni hagfelld skilyrði til þess að vaxa og dafna með sjálfbærum hætti með það fyrir augum að skapa aukin verðmæti og lífsgæði. Landfræðilega erum við hér á Norðurlandi vestra miðsvæðis milli Akureyrar og höfuðborgarsvæðisins. Hjá okkur er yfirgripsmikill sagnaarfur sem við getum byggt enn strekar á. Fyrir utan það þá er hér einstök náttúrufegurð. Þetta eru tækifæri, tækifæri sem við þurfum að nýta og eitt af verkfærunum sem við höfum til þess er td uppbyggingarsjóður SSNV !

Ég get ekki staðið hér án þess að minnst á orkumálin. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram vilji til að skapa sátt um nýtingu auðlinda. Tölulegar staðreyndir staðfesta að nærumhverfið nýtur ekki sanngjarns ávinnings af þeirri orkuvinnslu og orkuflutningi sem á sér stað á Norðurlandi vestra. Er í lagi að það

haldi áfram? Er ekki tími til kominn að tryggja nærumhverfinu ávinning ásamt því að raforkuverð verði það sama í dreifbýli og þéttbýli. Á síðasta haustþingi ályktuðum við um að tekjustofnum sveitarfélaga yrði fjölgað og í þessum málaflokki liggja svo sannarlega tækifæri sem munu geta haft áhrif á flest öll ef ekki öll sveitarfélög í landinu. Það er ekkert sem heitir sanngirni í því að höfuðborgarsvæðið borgi lægsta gjald fyrir rafmagnið. Ég bara velti þessu fyrir mér?

Ég veit að SSNV er að vinna náið með öllum sveitarfélögum á svæðinu. Það er mikilvægt að nýta landshlutasamtökin og þekkinguna sem þar er. Ég hvet ykkur til að gera það áfram. Munum! saman erum við sterkari í allri baráttu og nýsköpun.

Ég segi hér með 7. Haustþing SSNV sett.

Að því sögðu þá tilnefni ég Magnús Magnússon sem þingforseta og Friðrik Mál Sigurðson sem 2. þingforseta. Og ef þingið er samþykkt því þá legg ég til að þingritarar verði Sveinbjörg Rut Pétursdóttir og Ólöf Lovísa Jóhannsdóttir, varaþingritarar Magnús Barðdal og Katrín M Guðjónsdóttir, starfsmenn SSNV

Magnús Magnúson þingforseti tekur nú við stjórn þingsins